



Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 31. maí 2022
2205110 JFK


Efni: Umsögn Jafnréttisstofu um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málum innflytjenda fyrir árin 2022-2025, þskj. 834 -592. Mál

Jafnréttisstofu hefur borist til umsagnar ofangreind þingsályktunartillaga. Jafnréttisstofa fagnar tillögunni og telur mikilvægt að heildstæð áætlun sé til staðar þegar kemur að málum innflytjenda.

Í tillögunni er Jafnréttisstofu ætlað samstarfshlutverk í köflum 1.5 er varðar fjölmeningarstefnur og móttökuáætlanir sveitarfélaga, 4.1 er varðar launajafnrétti á vinnumarkaði, 4.2 er varðar hlutfall innflytjenda í opinberum störfum og áhrifastöðum og 4.4 er varðar vinnuvernd og réttindi á vinnumarkaði.

Ofangreindir kaflar varða mál sem eru Jafnréttisstofu vel kunnug og falla vel að því markmiði að stuðla að samfélagi þar sem öll geta verið virkir þátttakendur, óháð þjóðerni og uppruna.

Jafnréttisstofa hvetur til þess að tillagan verði samþykkt.



Jón Fannar Kolbeinsson
lögfræðingur